

**Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála**  
**14 151**

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
kt. 701211-0140  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 130/2011. Nefndin hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á lagasviði nefndarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 177,7 milljónir og afkoma kr. 11,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 17,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 40,0 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Arnór Snæbjörnsson,  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	176.900.000	166.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	828.593	601.229
<b>Tekjur samtals</b>		<u>177.728.593</u>	<u>167.301.229</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	140.090.616	135.072.597
Annar rekstrarkostnaður .....	4	25.856.376	22.064.703
Afskriftir .....	5	828.593	601.229
<b>Gjöld samtals</b>		<u>166.775.585</u>	<u>157.738.529</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		10.953.008	9.562.700
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(409)	(5.428)
		<u>(409)</u>	<u>(5.428)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>10.952.599</u></u>	<u><u>9.557.272</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður .....		2.374.717	3.203.310
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>2.374.717</u>	<u>3.203.310</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	37.649.143	22.489.232
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>37.649.143</u>	<u>22.489.232</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>40.023.860</u>	<u>25.692.542</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		17.318.417	6.365.818
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>17.318.417</u>	<u>6.365.818</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	3.171.883	16.100
Viðskiptaskuldir .....		1.087.080	462.418
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	15.398.324	15.571.457
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	10	3.048.156	3.276.749
<b>Skuldir samtals</b>		<u>22.705.443</u>	<u>19.326.724</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>40.023.860</u>	<u>25.692.542</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		10.952.599	9.557.272
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	5	828.593	601.229
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(828.593)	(601.229)
		<u>10.952.599</u>	<u>9.557.272</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		0	28.895
Tengdir aðilar .....		(11.404.128)	(12.867.334)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		451.529	3.281.167
		<u>(10.952.599)</u>	<u>(9.557.272)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	6	0	(1.888.736)
		<u>0</u>	<u>(1.888.736)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		0	1.888.736
		<u>0</u>	<u>1.888.736</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	176.900.000	166.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	828.593	601.229
	<b>177.728.593</b>	<b>167.301.229</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjáráukalög .....	176.900.000	0	0	176.900.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>176.900.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>176.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(165.947.401)	0	0	(165.947.401)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>10.952.599</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>10.952.599</b>

	2022	2021
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	113.979.525	108.285.188
Orlof, breyting .....	(173.133)	3.206.273
Launatengd gjöld .....	25.015.065	23.094.108
Starfsmannakostnaður .....	1.269.159	487.028
	<b>140.090.616</b>	<b>135.072.597</b>

Meðalfjöldi stöðugilda ..... 9,2 8,5

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	190.250	412.836
Byggingarvörur, almennar .....	0	37.496
Ýmis tæki og áhöld .....	6.115	586.724
Orkugjafir .....	0	14.928
Matvæli .....	1.152.136	1.721.812
Almennar rekstrarvörur .....	11.817	65.441
Vörukaup, almenn	<b>1.360.318</b>	<b>2.839.237</b>
Ýmsar sérgreindar vörur .....	11.643	6.505
Vörukaup, sérgreind	<b>11.643</b>	<b>6.505</b>
Fundir, námskeið, risna .....	335.431	278.765
Ferðir, uppihald .....	1.361.180	820
Akstur .....	45.264	37.132
Sérfræðiþjónusta .....	1.155.960	1.414.447
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	17.845	17.098
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	0	245.053
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	9.960	12.540
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<b>2.925.640</b>	<b>2.005.855</b>

## Skýringar

	2022	2021
<b>4 Annar rekstrarkostnaður framhald</b>		
Afnotagjöld .....	2.136.613	2.218.026
Notkun véla og flutningatækja .....	0	24.000
Verkkaup .....	0	406.068
Kostnaðarhlutdeild .....	19.322.371	14.565.012
Opinber gjöld .....	33.875	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	21.492.859	17.213.106
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>25.856.376</u>	<u>22.064.703</u>
<b>5 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	704.932	601.229
Sölutap og úrehtar eignir .....	123.661	0
	<u>828.593</u>	<u>601.229</u>
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>6 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.374.717	3.203.310
	<u>2.374.717</u>	<u>3.203.310</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:		
		<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>
Staða 01.01.2022 .....		7.229.810
Selt/úrelt á árinu .....		<u>(772.419)</u>
		6.457.391
Afskriftir 01.01.2022 .....		4.026.500
Afskrift ársins .....		704.932
Selt/úrelt á árinu .....		<u>(648.758)</u>
		4.082.674
Staða 31.12.2022 .....		<u>2.374.717</u>
<b>7 Tengdir aðilar</b>		
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	37.649.143	22.489.232
	<u>37.649.143</u>	<u>22.489.232</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	3.171.883	16.100
	<u>3.171.883</u>	<u>16.100</u>

## Skýringar

### 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	6.365.818	(3.191.454)
Afkoma ársins .....	10.952.599	9.557.272
Jöfnuður 31.12. ....	<u>17.318.417</u>	<u>6.365.818</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
<b>9 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	15.398.324	15.571.457
	<u>15.398.324</u>	<u>15.571.457</u>

### 10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	2.374.717	3.203.310
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	673.439	73.439
	<u>3.048.156</u>	<u>3.276.749</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	3.203.310	73.439	3.276.749
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	600.000	600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(828.593)	0	(828.593)
	<u>2.374.717</u>	<u>673.439</u>	<u>3.048.156</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## Skýringar

### 11 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert ótímabundna húsaleigusamninga, greiðslur vegna þeirra munu nema kr. 17,2 milljónum árið 2023. Aðrir rekstrar- og þjónustusamningar hjá stofnun munu nema kr. 1,8 milljónum vegna ársins 2023.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.